



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

VIÐAUKI

Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum

Við mat sitt er ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins gert að kanna þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna varðandi helstu efni sem tengjast verksviði þeirra í ítarlegu viðtali og byggja umsögn sína m.a. á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Til glöggvunar á umfangi viðtalsins þá eru hér að neðan talin upp þau efnisatriði sem koma til með að mynda ramma viðtalsins.

1. Þekking stjórnarmanns á starfsemi fjármálafyrirtækja almennt og starfsemi þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á sérstaklega

- Hverjar eru helstu skráðu réttarheimildir sem tengjast fjármálafyrirtækjum?
- Hverjar eru lagareglur um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?
- Hvert er markmið opinbers eftirlits með fjármálafyrirtækjum og hvernig er því háttað?
- Hver er sérstaða fjármálafyrirtækja í samanburði við annan atvinnurekstur?
- Hvaða lög gilda um fjármálafyrirtækið og hverjar eru meginreglur laganna?
- Hverjar eru meginreglur um starfsheimildir fjármálafyrirtækja og starfsleyfi þeirra?
- Hver eru meginatriði laga um hæfisskilyrði stjórnarmanna fjármálafyrirtækis?
- Hver eru helstu ákvæðin um verkefni og skyldur stjórnar fjármálafyrirtækis?
- Hvað áhrif hafa alþjóðareglur og alþjóðlegt samstarf á starfsemi fjármálafyrirtækja?
- Hvernig er reikningsskilum fjármálastofnana háttað og hver eru helstu álitamál sem upp geta komið við mat á fjárhags- og/eða rekstrarstöðu og horfum á grundvelli þeirra?

2. Reikningsskil og endurskoðun á fjármagnsmarkaði

- Hvaða lög, reglur og tilmæli tengjast ársreikningum, endurskoðun og endurskoðendum?
- Hver er rammi (Framework) fyrir gerð og framsetningu reikningsskila?
- Helstu alþjóðlegu reikningsskilastaðlar sem tengjast reikningsskilum fjármálafyrirtækja.
- Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, ISA, tilvist og markmið þeirra, t.d. ISA 200.
- Hver er tilgangur og markmið reikningsskila og endurskoðunar?
- Hver ber ábyrgð á/hefur eftirlit með reikningsskilum/endurskoðun?
- Hvernig eru helstu aðferðir við mat eigna og helstu álitamál sem upp geta komið.
- Hlutverk ytri endurskoðanda – hvað þýðir „endurskoðaður ársreikningur“?
- Mikilvæg hugtök í reikningsskilum og endurskoðun.
- Fjármálagerningar, eiginfjárgerningar, afleiður og áhættuvarnarreikningsskil.
- Kennitölur og millifyrirsagnir í ársreikningum fjármálafyrirtækja.
- Hvert er hlutverk endurskoðunarnefnda, innri endurskoðunar og innra eftirlits?
- Reikningsskil, fjármagnsmarkaðurinn og samfélagið.
- Hvert er hlutverk áhættustýringar í fjármálafyrirtæki og hvernig ber að skipuleggja þann þátt í starfseminni?

3. Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni stjórnar og einstakra stjórnarmanna í fjármálafyrirtæki

- Mótun áhættu- og viðskiptastefnu. Tengsl þessara tveggja stefnumótunarþátta.
- Mótun starfskjarastefnu og áhrif hennar á starfsemi fjármálafyrirtækis.
- Starfsreglur stjórnar, verklagsreglur og siðareglur.
- Eftirlitshlutverk stjórnar og framkvæmd þess. Val stjórnenda og samskipti við þá.
- Ábyrgð stjórnarmanna á athöfnum sínum eða aðgerðaleyfi.
- Skyldur stjórnarmanna og góðir stjórnarhættir samkvæmt viðteknum viðmiðum viðskiptasamfélagsins.
- Áætlað vinnuálag sem stjórnarstörfin krefjast og helstu verkefni stjórnarmanns.
- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskyldur stjórnarmanna fjármálafyrirtækja

- Meginmunur á verkefnum/ábyrgð stjórnarformanns og annarra stjórnarmanna.

4. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Röksemdir stjórnarmanns fyrir eigin hæfi og upplýsingar um aðstöðu til að gegna starfi stjórnarmanns.
- Afstaða stjórnarmanns til raunhæfra dæma úr rekstri fjármálafyrirtækja sem mögulega verða nefnd.
- Sjálfstæði stjórnarmanns og eðlilegar sjálfstæðiskröfur.
- Hagsmunatengsl stjórnarmanns og hugsanlegt vanhæfi í einstökum málum.
- Röksemdir stjórnarmanns fyrir eigin hæfi og hæfni og upplýsingar um reynslu og aðstöðu til að gegna starfi stjórnarmanns.

Síðast uppfært 2. janúar 2015

FJÁRMÁLAEFTIRLITID